

Katrín Júlíusdóttir

From: Guðjón Bragason [gudjon.bragason@samband.is]
Sent: 24. nóvember 2008 16:45
To: Katrín Júlíusdóttir; Helgi Hjörvar
Cc: Aðalsteinn Óskarsson; Karl Björnsson; Halldór Halldórsson
Subject: Frumvarp um kolvetnisstarfsemi, 152. mál

*Alþingi
Erindi nr. P 136/372
komudagur 10.12.2008*

Háttvirtir formenn iðnaðarnefndar og umhverfisnefndar Alþingis,

Framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur vakið athygli mína á ofangreindu frumvarpi, sem varðar breytingar á ýmsum lögum vegna kolvetnisstarfsemi. Fyrsta umræða um málið fór fram sl. föstudag og hefur því verið vísað til iðnaðarnefndar.

Við fyrstu skoðun virðist undirrituðum að í 2. þætti frumvarpsins séu ákvæði sem þurfi mjög ítarlega skoðun af hálfu Alþingis. Þar vísa ég einkum til grundvallarbreytinga á gildissviði skipulags- og byggingarlaga og laga um brunavarnir. Í báðum tilvikum geta sveitarfélögin átt hagsmuna að gæta.

Á meðal helstu álitafna eru:


- 1) Er ekki nálgunin í frumvarpinu alltof þröng, sérstaklega varðandi breytingar á ofangreindum lögum? Fyrst verið er að breyta lögum á annað borð hlýtur að vera rétt að skoða hvort löggin eigi ekki jafnframt að taka til sambærilegrar starfsemi í hafi, t.d. olíuvinnslu. Hvað með aðra starfsemi sem getur verið utan netlaga, t.d. vindmyllugarðar, fiskeldi o.m.fl.? Eiga aðrar reglur að gilda um kolefnisvinnslu en aðra starfsemi?
- 2) Bæði í tillögum um breytingar á skipulags- og byggingarlögum og lögum um brunavarnir er gert ráð fyrir eðlisbreytingu á verkefnum þeirra ríkisstofnana sem fara með þá málaflokka, þ.e. að Brunamálastofnun fari með eldvarnaeftirlit utan netlaga (algerlega nýtt verkefni fyrir stofnunina) og að Skipulagsstofnun annist gerð skipulagsáætlana á hafi og landgrunni utan netlaga (sömuleiðis algerlega nýtt verkefni).
- 3) Ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir aðkomu sveitarfélaga að þeirri stjórnábylgju sem málið varðar, þ.á m. skipulagsgerð og leyfisveitingum á hafi. Skal vakin athygli á því að í umsögnum Sambands Íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til skipulagslaga og um frumvarp til laga um fiskeldi, sem flutt voru á síðasta löggjafarþingi, kom fram eindregin afstaða af hálfu sveitarfélaga um hagsmuni þeirra utan netlaga. Samt sem áður var ekkert samráð haft við sveitarfélögin við gerð þessa frumvarps. Slóðir á framangreindar umsagnir:
http://www.samband.is/files/379854380umsogn_skipulags.pdf;
<http://www.samband.is/files/827412780Umsögn%20um%20frumvarp%20til%20laga%20um%20fiskeldi%20530aa%20mál.pdf>

Samband Íslenskra sveitarfélaga væntir þess að sjálfsögðu að fá tækfæri til að gefa umsögn um frumvarpið og fá til þess fremur rúman tíma. Jafnframt leggur sambandið áherslu á að málið fái vandaða afgreiðslu á Alþingi, með hliðsjón af því að frumvarpið varðar breytingar á ýmsum grundvallarþáttum laga sem varða sveitarfélögin.

Virðingarfyllt,

F.h. Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Guðjón Bragason



Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræðisviðs
Beint innval: 515 4917
Netfang: gudjon.bragason@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

- 1.FLOKKUR Fiskiskip 42 metrar og lengri. Enn fremur öll fiskiskip með afvísu 2.500 eða hærri.
- 2.FLOKKUR Fiskiskip lengri en 29 metrar en styttri en 42 metrar með afvísu lægri en 2.500. Enn fremur fiskiskip styttri en 29 metrar en með afvísu 1.800 og hærri. Í þennan flokk falla einnig fiskiskip 39 metrar og styttri sem togveiðheimildir höfðu eftir þeirri viðmiðun skv. 3. gr. laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, enda verði ekki um aukningu á sflvísu þeirra að ræða eftir 1. júní 1997
- 3.FLOKKUR Fiskiskip styttri en 29 metrar, enda séu þau með lægri afvísu en 1.800. Enn fremur fiskiskip 26 metrar og styttri sem togveiðheimildir höfðu eftir þeirri viðmiðun skv. 3. gr. laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, enda verði ekki um aukningu á sflvísu þeirra að ræða eftir 1. júní 1997.

LÖG Nr. 79, 26.maí 1997
 Ásamt breytingu nr. 127, 22. desember 1997

